

HÖNNUN OG SMÍÐI KENNSLUFIRLIT



FELLASKÓLI - NORÐURFELLI 17 - 19, 111 REYKJAVÍK

Bekkur: 6. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: Daníel Guðjónsson

Önn: Haustönn/vorönn

Markmið: Í námsgreininni hönnun og smíði öðlast nemandinn færni í að nota margskonar efnivið og eykur færni sína og kunnáttu til þess að hanna og búa til hluti. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Við hönnun á sér stað mat innra með einstaklingnum sem þroskar tilfinningu hans fyrir gildi hluta og umhverfis. Smíðin þroskar hins vegar verkfærni og verkkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Nemandinn öðlast þannig skilning á hvernig verk eru brotin upp í verkþætti sem er undirstaða verkskilnings, skipulags og verkaskiptingar. Hönnun og smíði sameinar hug og hönd, hugsun og framkvæmd og veitir því tækifæri til að þroska frumkvæði og sköpunarmátt nemandans á meðvitaðan og markvissan hátt.

Námsgögn:

Verkefni frá kennara

Bækur um hönnun og smíði

Verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.

Lykilhæfni:

Leitast er við að hafa hina sex grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og jafnrétti. Einnig er reynt að styðja við menntagildi lykilhæfni sem felst meðal annars í að styðja við sjálfsvitund og samskiptahæfni nemandans.

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfni.

- Að geti tjáð hugsanir sínar, skoðanir og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Að geti spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna.
- Að geti vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Að geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.
- Að geti tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.
- Að geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.

Hæfniviðmið / matsviðmið:

Til hliðsjónar og viðmiðunar er farið eftir þeim hæfniþáttum sem skilgreindir eru fyrir námssvið list- og verkgreina í heild og hæfniþáttum eins og þeir eru skilgreindir sérstaklega fyrir hönnun og smíði.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi hæfni.

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefnum hans.
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.

Námsþættir:

Tími	Námsflokkur	Kennsluhættir	Námsmat
<p>24.08 – 17.11 18.11 – 23.02 24.02 – 07.06 Þrískipt lotukerfi.</p> <p>Nemandi mætir tvisvar sinum í viku tvær kennslustundir í senn yfir þriðjung vetrar í um það bil 20 skipti.</p>	<p>Handverk, hönnun og tækni með umhverfið í huga þar sem reynir á útfærslu og gerð nokkurra verkefna í hönnun og smíði.</p> <p>Verkefni Mappa og hugmyndabók Bakki A-4 box Úthoggin tréskál Trjágreinaskúlpúr Brauðbretti/ostabakki Plastlyklakippa/hálsmen (borað og litað) Skóhorn (plast/tré) Hafið – orð ársins</p> <p>Frjálst val, leitast er við að koma til móts við óskir og hugmyndir nemenda eftir því sem hægt er.</p>	<p>Sýnikennsla, innlagnir, hugmyndavinna, verklegar æfingar, sköpun, samvinnunám</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Frammistaða við gerð verkefna • Frammistaða í kennslustundum • Sjálfsmat • Í lok námslotu er frammistaða nemanda metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem valin hafa verið fyrir námslotun • Lykilhæfni er ekki metin sérstaklega en er mikilvæg í samfélagi manna og ber að leggja áherslu á hana samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.